

SKILMÁLAR OG SKILYRÐI

Aðeins IS. 18+. Keyptu dós af Pringles, farðu á Pringles.com og skannaðu dósina til að klára AR-leikinn, frá 19.05.23 til 30.09.23 og þá kemstu í pottinn.

Verðlaun: 20 inneignir hjá aha.is að upphæð 300 evrur. Verðlaunin fær sá sem klárar leikinn á sem stystum tíma á hverju keppnistímabili. Framlengt tímabil: Taktu þátt á milli 01.10.23 og 15.12.23. Verðlaun: Ein 300 evra inneign hjá aha.is kemur í hlut þess sem klárar leikinn á sem stystum tíma innan framlengda tímabilsins. Hámark er ein verðlaun á mann á hverju tímabili og ein færsla á dag. Það er nauðsynlegt að hafa aðgang að interneti, snjallsíma/spjaldtölvu með myndavél og vera með reikning hjá aha.is. Geymdu kvittunina og dósina. Skilmálar og skilyrði: Pringles.com

SKILMÁLAR OG SKILYRÐI

- Til að taka þátt í þessum leik þarftu að samþykka skilmála og skilyrði í heild sinni.
- Þessi leikur er aðeins leyfilegur þeim sem hafa náð 18 ára aldri og eru með lögheimili á Íslandi.
- Starfsmenn Kellogg's og þeirra nánasta fjölskylda, samstarfsaðilar eða hver sá sem tengist starfsemi fyrirtækisins eru útilokuð frá þátttöku.
- Nauðsynlegt er að kaupa Pringles-dós, hafa aðgang að interneti og snjallsíma eða spjaldtölvu. Kynningin er aðeins á netinu og ekki er hægt að skrá sig með pósti eða síma.
- Aðeins er tekið við skráningum í gegnum skráningarform á vefnum.
- Aðalkeppnistímabil:** Leikurinn er opinn frá 00:01 þann 19. maí 2023 til kl. 23:59 þann 30. september 2023. Á þessu tímabili verða sérstök keppnistímabil eins og skýrt er hér fyrir neðan. Hægt er að skrá sig á milli kl. 00:01 og 23:59 hvern dag meðan á aðalkeppnistímabilinu stendur.

Undirtímabil.	Upphafstími og -dagur	Lokatími og -dagur
1	00.01 þann 19.05.23	23.59 þann 25.05.23
2	00.01 þann 26.05.23	23.59 þann 01.06.23
3	00.01 þann 02.06.23	23.59 þann 08.06.23
4	00.01 þann 09.06.23	23.59 þann 15.06.23
5	00.01 þann 16.06.23	23.59 þann 22.06.23
6	00.01 þann 23.06.23	23.59 þann 29.06.23
7	00.01 þann 30.06.23	23.59 þann 06.07.23
8	00.01 þann 07.07.23	23.59 þann 13.07.23
9	00.01 þann 14.07.23	23.59 þann 20.07.23
10	00.01 þann 21.07.23	23.59 þann 27.07.23
11	00.01 þann 28.07.23	23.59 þann 03.08.23
12	00.01 þann 04.08.23	23.59 þann 10.08.23
13	00.01 þann 11.08.23	23.59 þann 17.08.23

14	00.01 þann 18.08.23	23.59 þann 24.08.23
15	00.01 þann 25.08.23	23.59 þann 31.08.23
16	00.01 þann 01.09.23	23.59 þann 07.09.23
17	00.01 þann 08.09.23	23.59 þann 14.09.23
18	00.01 þann 15.09.23	23.59 þann 20.09.23
19	00.01 þann 21.09.23	23.59 þann 25.09.23
20	00.01 þann 26.09.23	23.59 þann 30.09.23

7. **Framlengt tímabil:** Þegar aðalkeppnistímabilinu er lokið, munu úrslit sem berast milli kl. 00:01 þann 1. október 2023 og 23:59 þann 15. desember 2023 vera skráð innan framlengda tímabilsins.
8. Til að taka þátt í leiknum þarf að:
- Kaupa Pringles-dós;
 - Fara á Pringles.com á snjallsíma eða spjaldtölvu, skrá sig fyrir Kellogg's-reikningi ef þú ert ekki þegar gert svo og ljúka kröfum um fjölpátta-auðkenningu ef þess er krafist;
 - Opnaðu AR-gluggann (viðbættur veruleiki) á Pringles.com og skannaðu Pringles-dósina til að opna leikinn.
 - Ljúktu AR-leikjaáskoruninni („áskorunin“) á sem stystum tíma.
9. Vinningshafar verða að halda upp á kvittunina sem sýnir að dósin hafi verið keypt á keppnistímabili sem er á undan skráðum úrslitum úr leiknum. Keppendur gætu þurft að sýna kvittunina hvenær sem er meðan á tímabilinu stendur og sömuleiðis vinningshafi til að fá verðlaunin afhent.
10. **Frekari skilyrði fyrir þátttöku:**
- Það er mögulegt að snjallsímar með eldri stýrikerfi en iOS 14 eða Android 9, og iPhone-símar sem eru iPhone 8 eða eldri geti ekki hlaðið gögnum nógu hratt og þannig haft áhrif á keppnistíma.
 - AR-leikinn er aðeins hægt að spila á Safari- vafra fyrir snjallsíma og spjaldtölvu, eða Google Chrome-vafra fyrir snjallsíma og spjaldtölvu.
11. Þátttakendur mega senda inn eina færslu á dag meðan á kynningartímabili stendur. Þegar þátttakandi hefur spilað alls 50 sinnum á öllu keppnistímabilinu fær hann strax tilkynningu á skjáinn um að hann þurfi að senda þjónustudeild Pringles kvittanir fyrir öllum innsendum færslum. Ef þátttakandi getur ekki lagt fram kvittanir fyrir öllum innsendum skráningum getur sá þátttakandi ekki lengur tekið þátt og allar innsendar færslur viðkomandi eftir þetta verða ógildar.
12. Í mesta lagi ein verðlaun fyrir hvern einstakling allt kynningartímabilið.
13. **Vinningar á aðalkynningartímabilinu:** Meðan á aðalkynningartímabilinu stendur er hægt að vinna alls 20 vinninga, einn fyrir hvert undirtímabil. Hver verðlaun eru ein (1) 300 evra inneign hjá Aha.is.
14. **Verðlaun á framlengda kynningartímabilinu:** Hægt er að vinna ein (1) verðlaun innan framlengda kynningartímabilsins. Verðlaunin eru ein (1) 300 evra inneign hjá Aha.is.
15. **Frekari lýsing á vinningi:**

- a. Haft verður samband við vinningshafa með tölvupósti innan 28 daga frá því að þeir luku áskoruninni á vef Pringles, varðandi vinninginn.
- b. Hægt er að fá hluta inneignar eða alla inneignina.
- c. Ekki er hægt að áframsenda eða skrá inneignir á aðra, það er ekki mögulegt að fá peningainneign í staðinn og inneignir eru ekki gefnar út aftur ef þær tynast.
- d. Ekki er hægt að framlengja gildistíma inneignar eða endurgreiða inneignir ef þær eru ekki sóttar áður en þær renna út.
- e. Inneignir verða sendar með tölvupósti á netfangið sem viðkomandi notaði við innskráningu á Kellogg's reikning sinn.
- f. Innlausn inneignar er háð ókeypis skráningu á netinu á vefsetrinu <https://www.aha.is>, eða í farsímaforritinu (fánlegt fyrir Android og iOS).
- g. Hægt er að innleysa inneign á netinu eða gegnum snjallforritið á: <https://www.aha.is/>
- h. Hver inneign gildir í að minnsta kosti 11 mánuði.
- i. Hægt er að innleysa inneign við heimsendingu eða söfnun pantana, eða borða á veitingastöðum sem taka þátt.
- j. Pöntun á heimsendum matvörum þarf að vera að lágmarki 5.000 krónur og að lágmarki 2.490 kr. fyrir heimsendingu frá veitingastöðum.
- k. Aðeins er hægt að innleysa inneignir fyrir verð pöntunar. Virði pöntunar er aðeins verðmæti atriða sem bætt er í körfuna. Kostnað við heimsendingu er ekki hægt að greiða með inneigninni og er sá kostnaður á ábyrgð vinningshafans.
- l. Framboð á heimsendingarþjónustu er mismunandi eftir svæðum. Vöruúrval sem sent er með heimsendingu er mismunandi.
- m. Inneignir falla undir skilmála og skilyrði aha.is sem sjá má á: <https://www.aha.is/terms>

16. **Helsta tímabil vals á vinningshöfum:** Spilari sem lýkur leiknum á stysta tíma hvers tímabils er sigurvegari þess tímabils. Ef enginn hlýtur verðlaun í ákveðinni viku færast verðlaunin yfir á næsta tímabil.
17. **Val á vinningshöfum á framlengdu tímabili:** Sá spilari sem lýkur leiknum á sem stystem tíma meðan á framlengda tímabilinu stendur verður útnefndur lokasigurvegari þess tímabils.
18. Ef tveir eða fleiri spilarar klára leikinn á nákvæmlega sama tíma verður haft samband við þessa spilara og þeir beðnir að svara eftirfarandi spurningum: Hvað er í þínum huga hið fullkomna sumarpartý?
19. Svör verða samkvæmt grein 18 hér að ofan dæmd af ótengdum þriðja aðila út frá:
 - a. Frumleika;
 - b. sköpunargáfu; og
 - c. húmor
20. **Tilkynning til sigurvegara á aðal keppnistímabili:** Sigurvegari hvers leikjatímabils (sá sem lýkur leiknum á stysta tímanum eða er með besta svarið við spurningunni í grein 18) fær tölvupóst innan 28 daga eftir að hafa lokið leik á vef Pringles eða svara spurningunni, þar sem viðkomandi er beðinn um persónuskilríki og sönnun þess að mega taka þátt. Ef vinningshafi svarar ekki póstinum innan 14 daga, eða er dæmdur úr leik vegna brots á skilmálum og skilyrðum, áskilur kynningaraðilinn sér rétt til að veita þeim keppanda sem var með besta leikjatímann frá sama tímabili.

21. **Tilkynning til sigurvegara á framlengdu keppnistímabili:** Lokasigurvegarinn (sá sem lýkur leiknum á stysta tímanum eða er með besta svarið við spurningunni í grein 18) fær tölvupóst innan 28 daga eftir að framlengdu tímabili lýkur og gæti verið beðinn um persónuskilríki og sönnun þess að mega taka þátt. Ef vinningshafi svarar ekki póstinum innan 14 daga, eða er dæmdur úr leik vegna brots á skilmálum og skilyrðum, áskilur kynningaraðilinn sér rétt til að veita þeim keppanda sem var með besta leikjatímann frá sama tímabili.
22. **Móttaka og afhending vinninga:** Sigurvegarar frá hverju tímabili eða lokasigurvegarar („Vinningshafi“ eða „Vinningshafar“) sem eru ekki beðnir um persónuskilríki eða sönnun þess að mega taka þátt þurfa að bíða eftir tölvupósti sem staðfestir að þeir séu sigurvegarar. Þegar sigurvegari hefur verið beðinn um persónuskilríki og sönnun þess að mega taka þátt, þarf viðkomandi að bíða eftir tölvupósti sem staðfestir sigurinn. Það getur tekið allt að 90 daga að afhenda vinninga á netfangið sem var skráð við stofnun á Kellogg's-reikningi, en reynt er að senda póst innan 28 daga.
23. Ef svo ólíklega vill til að vinningur berist ekki innan 90 daga hafa vinningshafar 28 daga til viðbótar til að upplýsa kynningaraðilann með því að fara inn á síðuna Hafa samband á Pringles.com. Ef vinningshafi lætur kynningaraðilann ekki vita innan þess tíma áskilur kynningaraðilinn sér rétt að bjóða vinninginn ekki aftur eða takmarka virði hans.
24. Ef verðlaun eru afþökkuð, ekki hefur náðst að afhenda þau, verðlaunin endursend, eða ef vinningshafi dæmdur úr keppni samkvæmt skilmálum og skilyrðum eftir lok framlengda kynningartímabilsins, áskilur kynningaraðili sér rétt til að veita þeim spilara/spilurum sem náðu að ljúka leiknum og voru með næst besta tímann á framlengda kynningartímabilinu. Fjöldi verðlauna sem undir þetta falla er ókunnur enda ákvarðast hann af þeim fjölda verðlauna sem gefin eru yfir allt keppnistímabilið. Þátttakendur sem fá vinning með þessari leið munu fá tölvupóst innan 28 virkra daga frá lokum framlengda tímabilsins.
25. **Stjórnun:** Kynningaraðili mun hafna innsendingum á grundvelli greinar 18 sem að mati kynningaraðila:
 - a. Innihalda efni sem er særandi eða sýna vörumerki kynningaraðilans, orðspor hans eða velvild í neikvæðu ljósi;
 - b. rægja, móðga eða eru með rangfærslur um annað fólk eða önnur fyrirtæki, þar með talið, en ekki takmarkað við, kynningaraðila (þar á meðal samstarfsaðila hans); eða svör sem lýsa ákveðinni pólitískri sýn.
26. Það er á ábyrgð vinningshafans að gefa upp réttar persónuupplýsingar til að fá vinninginn afhentan. Kynningaraðilinn ber enga ábyrgð á því ef ekki er hægt að afhenda vinninginn vegna rangra upplýsinga. Ekki er hægt að uppfæra póstfang vinningshafa eftir skráningu.
27. Þess kann að verða krafist að vinningshafar taki þátt í kynningarstarfsemi án endurgjalds, háð fyrirfram samþykki þeirra. Vinningshafar mega draga til baka samþykki sitt fyrir að taka þátt í slíkum athöfnum og samkomulag er ekki skilyrði fyrir viðtöku vinnings.
28. Engin ábyrgð er tekin á skráningum sem hafa farið á rangan stað, týnst, seinkað, skemmst eða brenglast/spillst við afhendingu til eða frá kynningaraðilanum vegna tölvubilunar, veiru, galla, seinkunar eða af öðrum ástæðum. Kynningaraðilinn ber ekki ábyrgð á röngum eða ónákvæmum upplýsingum sem sá sem vitjar vinnings veitir kynningaraðilanum við skráninguna.

29. Vinningshafi ber ábyrgð á að greiða alla viðkomandi skatta sem þarf til að fá vinninginn afhentan.
30. Kynningaraðilinn, ásamt öllum tengdum umboðsaðilum og fyrirtækjum, ber ekki ábyrgð á neinu tapi (þar með talið, án takmarkana, óbeinu, sérstöku eða afleiddu tapi eða tapi á hagnaði), útgjöldum eða skemmdum sem hljóttast af eða koma upp (hvort sem það verður vegna vanrækslu einstaklings eða ekki) í tengslum við þessa kynningu eða viðtöku eða notkun vinnings, nema þá skaðabótaskyldu sem ekki er hægt að útiloka samkvæmt lögum. Ekkert útilokar ábyrgð kynningaraðila vegna dauða eða líkamstjóns sem hlýst af vanrækslu hans.
31. Ekki er um annars konar verðlaun að ræða að hluta til eða í heild. Ekki er möguleiki á peningaverðlaunum. Ef ekki er hægt að veita vinning eða hluta hans samkvæmt reglum, áskilur kynningaraðilinn sér rétt til að skipta honum út fyrir annan sambærilegan eða verðmætari vinning. Nema annað hafi verið skriflega samþykkt af kynningaraðilanum er vinningum aðeins úthlutað beint til vinningshafa.
32. Með fyrirvara um það sem lög heimila er ákvörðun kynningaraðila endanleg á kynningarefni og hann mun ekki svara skriflegum samskiptum. Dómstólar með lögsögu skera endanlega úr lagalegum ágreiningsefnum. Með þátttöku sinni í kynningunni samþykkja þátttakendur þessa skilmála og eru bundnir að fullu af öllum reglum.
33. Kynningaraðilinn áskilur sér rétt, að eigin ósk, til að fjarlægja eða dæma úr leik allar innsendingar eða ákveðna þátttakendur sem hann telur hafa brotið gegn þessum skilyrðum eða anda kynningarinnar.
34. Í aðstæðum sem kynningaraðilinn hefur ekki stjórn á, eða að öðrum kosti, þar sem svik, misnotkun, og/eða villa (mannleg eða tölvutengd) hefur áhrif á, eða gætu haft áhrif á rétta framkvæmd þessarar kynningar eða afhendingu vinninga, og aðeins þar sem aðstæður gera það óhjákvæmilegt, áskilur kynningaraðilinn sér rétt til að hætta við eða breyta kynningunni eða þessum skilmálum og skilyrðum, hvenær sem er, en mun alltaf leitast við að lágmarka áhrifin á þátttakendur til að forðast óþarfa vonbrigði.
35. Kynningaraðili ber ekki ábyrgð á vanrækslu við að uppfylla skyldur sínar eða tölur á því að framfylgja skyldum sínum samkvæmt þessum skilmálum og skilyrðum. Ef einhver athöfn, útilokun, atburður eða aðstæður eiga sér stað af völdum (en ekki takmarkað við) alþjóðlegrar eða svæðisbundinnar heilsuvár, faralds, heimsfaralds, veðurskilyrða, elds, flóða, verkfalla, fellibylja, iðnaðardeilna, stríðs, hryðjuverkastarfsemi, fjandskaps, pólitískra óeirða, óeirða, borgaralegra óláta, hungursneyðar, plágu eða annarra náttúruhamfara og guðsverka eða annarra kringumstæðna sem kynningaraðilinn hefur ekki stjórn á.
36. Kynningaraðilinn áskilur sér rétt til að staðfesta allar skráningar og vinningshafa og að neita að veita vinning eða leita endurheimtar á verðmæti hans ef vinningurinn hefur verið veittur, eða draga til baka tilkall til vinnings eða neita frekari þátttöku í kynningunni ef upp kemst um svik eða óheiðarleika þátttakanda eða það eru gildar ástæður til að telja að það hafi orðið brot á þessum skilmálum og skilyrðum eða einhverjum leiðbeiningum sem mynda hluta af þátttökukröfum þessarar kynningar eða að öðrum kosti þar sem þátttakandi hefur öðlast ósanngjarnt forskot í þátttöku í kynningunni eða unnið með sviksamlegum hætti.
37. Skráning verður að vera beint frá þeim einstaklingi sem tekur þátt í kynningunni. Magnskráning, þátttaka neytendahópa eða þriðju aðila, er óheimil. Ólæsileg eða ófullkomin skráning með fjölvum (e. macros) eða öðrum sjálfvirkum hætti ásamt skráningum sem uppfylla ekki að fullu kröfurnar í þessum skilmálum eru ógildar. Ef í ljós kemur að þátttakandi noti tölvu(r) til þess að fara á svig við þetta skilyrði með því, til dæmis, að nota

„botta“, einnota netföng, „forskriftir“, „ofbeldi“, fela auðkenni sitt með því að breyta IP-tölum, nota önnur auðkenni eða annars konar sjálfvirkni til að fjölga skráningum þátttakanda í kynningunni með hætti sem samræmist ekki reglum kynningarinnar skulu þær skráningar dæmdar úr leik og vinningar ógildir.

38. Farið verður með öll gögn sem er safnað frá þátttakendum sem trúnaðarmál, í samræmi við persónuverndarstefnu kynningaraðilans og verða eingöngu notaðar til að halda kynninguna og í engum öðrum tilgangi nema að fengnu leyfi: <https://www.pringles.com/no/privacy-policy.html>
39. Myndir sem notaðar eru í tengslum við kynningu og vinninga eru gerðar til að líkjast viðfangsefninu og endurspeglar ekki raunveruleikann.
40. Ef upp kemur ósamræmi milli þessara skilmála og skilyrða og upplýsinga í kynningarefninu, gilda upplýsingarnar í skilmálum og skilyrðum.
41. Þessir skilmálar og skilyrði skulu lúta lögum á Íslandi og túlkun þeirra og beiting skal lúta eingöngu lögsögu dómstóla á Íslandi.

KYNNINGARAÐILI: Kellogg Europe Trading Limited. Skráð skrifstofa: 3 Dublin Airport Central (DAC), Dublin Airport, Dublin.